

SAMEIGINLEG RITUN

(shared writing)


Aldurshópur

Allir aldurshópar

Um sameiginlega ritun

Í *sameiginlegri ritun* sameinast kennari og nemendur um að skrifa texta. Hlutverk kennarans er að vera ritarinn, sá sem leiðbeinir og jafnframt hvetur nemendur áfram. Þegar kennarinn leiðir nemendur áfram á þennan hátt og sér um ritunina verður textinn flóknari heldur en nemendur gætu skrifað einir og sér. Þeir ná einnig að einbeita sér betur að merkingu textans í stað þess að einbeita sér að framkvæmdinni, þ.e.a.s. að koma hugmyndunum í ritað form.

Í *sameiginlegri ritun* er kennari fær um að draga athygli nemenda að uppbyggingu texta, málfræðiatríðum, aðalsetningum og aukasetningum eða hverju því sem hann hefur ákveðið að hafa sem viðfangsefni kennslustundarinnar. Viðfangsefnin eru ákveðin út frá þekkingu og leikni nemenda og þess vegna getur verið heppilegt að skipta nemendahópnum í minni hópa þannig að allir nemendur fái kennslu í þeim atriðum sem þeir þurfa á að halda hverju sinni.



Nemendur læra form og eðli ritunar þegar þeir fylgjast með og taka þátt í ritun sem er stýrt af þjálfuðum og meðvituðum ritara, sérstaklega þegar nemendur fá tækifæri til *sjálfstæðrar ritunar* í beinu framhaldi. Þegar vinnubrögð sem þessi eru viðhöfð og nemendur eru þátttakendur í innihaldsríkri samræðu um ritunina þá öðlast þeir skilning á tilgangi ritunar, innri áhugahvöt eykst og þeir eignast verkfæri til að nýta sér við ritun.

Sameiginleg ritun er annað skrefið í stigskiptum stuðningi; kennari framkvæmir og nemandi hjálpar.

Framkvæmd

- Sameiginlega ritun er hægt að framkvæma í litlum hópum sem og með heilum bekk og gott er að miða við að kennslan taki um 5–20 mínútur.
- Kennari ákveður viðfangsefni kennslustundarinnar út frá þörfum nemendahópsins og/eða út frá þeim athugunum og mati sem hann hefur gert á hópnum. Textinn sem kennari velur hefur fyrst og fremst þann tilgang að veita nemendum tækifæri til að læra eitthvað nýtt eða þjálfast frekar í ákveðinni færni. Mikilvægt er að nemendur sjái tilgang með skrifunum og að textinn höfði til þeirra.
- Textinn þarf að vera vel sýnilegur nemendum og er t.d. hægt að notast við bókvarpa eða fletti-töflu. Kennari og nemendur eiga í samræðum um textann um leið og hann er skrifaður þar sem kennari fær uppástungur frá nemendum út frá útskýringum sem hann hefur gefið varðandi textann. Þarna gefst gott tækifæri til að sýna nemendum að texti er ekki fullskapaður í fyrstu heldur verður hann oft betri við endurritun að hluta eða í heild. Varist þó að stunda slaka ritun vísitandi þegar verið er að kenna nemendum endurritun. Notið frekar tækifærið til að útskýra gerð uppkasts og tilgang endurritunar en það er að gera texta betri.
- Lesið annað slagið yfir það sem þið eruð búin að skrifa til að ákvarða í samráði við nemendur ykkar hvort þið séuð að koma því til skila sem ætlunin var með þessum texta. Ef þið sjáið að betra væri að bæta einhverju inn í textann, eða sleppa einhverju, þá gerið þið þær breytingar þannig að nemendur sjái og upplifi hvað felst í endurritun texta.
- Í lokin lesið þið yfir textann sem skrifaður var og takið örfáar mínútur í að láta nemendur draga saman það sem þeir lærðu í kennslustundinni. Leyfið textanum að vera sýnilegum áfram svo nemendur geti lesið hann aftur og þannig rifjað upp það sem þeir lærðu lærðu af sameiginlegu rituninni. Vísið í textann í samtölum ykkar við nemendur.